

Ársskýrsla landskjörstjórnar 2024



Landskjörstjórn

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Starfsemin á árinu 2024	5
Fundir landskjörstjórnar.....	5
Skrifstofa landskjörstjórnar	5
Dómsmálaráðherra í heimsókn.....	5
Heimsóknir til yfirkjörstjórna kjördæma.....	6
Heimsóknir til yfirkjörstjórna sveitarfélaga	6
Græn skref.....	6
Stafræn þróun.....	6
Endurskoðun reglugerða og reglna um kosningar	7
Vinnuhópur um utankjörfundaratkvæðagreiðslu.....	7
Samráðshópur um vernd einstaklinga í aðdraganda kosninga.....	7
Undirbúningur og framkvæmd kosninga	9
Sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.....	9
Forsetakosningar 1. júní.....	9
Alþingiskosningar 30. nóvember	10
Kostnaður við kosningar	10
Alþjóðlegt samstarf.....	10
Evrópuþingskosningar í Eistlandi.....	10
Norrænn kosningafundur í Noregi.....	11
Vinnustofa um fjölþáttaógnir í Helsinki	11
Kosningaefnirit í Bosníu og Hersegóvínu.....	11



Ávarp framkvæmdastjóra

Meginhlutverk landskjörstjórnar er að hafa yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga. Í því felst m.a. að veita ráðgjöf um kosningar og framkvæmd þeirra, gera tillögur að reglugerðum, gefa út almenn fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd kosninga, fræða og leiðbeina, birta niðurstöður kosninga og gefa út skýrslur um undirbúning og framkvæmd kosninga

Óhætt er að segja að árið 2024 hafi verið viðburðaríkt hjá landskjörstjórn og einkenndist starfsemin af þeim kosningum sem fram fóru á árinu.

Þrátt fyrir annir við umsjón með kosningum var allt kapp lagt á að halda áfram uppbyggingu skrifstofunnar og innra starfi enda væri starfsemi landskjörstjórnar fátækleg ef ekki nyti við starfsfólks sem sinnir verkefnunum af elju og þolgæði þar sem faglega er brugðist við hverju verkefni sem upp kemur. Á skrifstofu landskjörstjórnar eru fimm starfsmenn í fullu starfi að framkvæmdastjóra meðtalinni, tveir karlar og þrjár konur. Þá hefur á álagstímum og við framkvæmd tiltekinna verkefna verið leitað til aðkeyptra sérfræðinga. Vil ég þakka öllu þessu fólki sem og nefndarmönnum í landskjörstjórn fyrir faglegt og gott samstarf.

Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri

Móttaka framboða til Alþingis

Setberg
2. hæð



 Landskjörstjórn

Starfsemin á árinu 2024

Fundir landskjörstjórnar

Aðalmenn í landskjörstjórn árið 2024 voru Kristín Edwald formaður, Arnar Kristinsson og Hulda Katrín Stefánsdóttir, kosin af Alþingi, og Ebba Schram og Magnús Karel Hannesson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn voru Björn Þór Jóhannesson, Iðunn Garðarsdóttir og Ólafía Ingólfsdóttir, kosin af Alþingi, og Elín Ósk Helgadóttir og Valur Rafn Halldórsson, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Landskjörstjórn hélt 38 fundi á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef landskjörstjórnar.

Skrifstofa landskjörstjórnar

Það er umfangsmikið verkefni að koma á fót nýrri stofnun og að mörgu er að hyggja. Móta þarf skipulag starfseminnar, bæði í náinni framtíð og til lengri tíma, skipuleggja og forgangsraða verkefnum landskjörstjórnar samkvæmt kosningalögum, skapa umgjörð mannauðsmála auk þess að tryggja umbúnað, s.s. húsnæði og skrifstofuaðstöðu. Þetta er gert í þeim tilgangi að byggja upp nærandi starfsumhverfi þar sem samvinna og styrkleikar starfsfólks

njóta sín jafnframt því sem skilvirk og góð þjónusta er veitt við samfélagið. Í starfsáætlun landskjörstjórnar er helstu verkefnum ársins forgangsraðað og þau tímasett. Starfsáætlunin er endurskoðuð reglulega eða eftir því sem aðstæður krefjast. Á síðustu tveimur árum hefur verið lögð mikil áhersla á að vinna að því að setja og innleiða stefnur landskjörstjórnar. Á árinu voru samþykktar persónuverndarstefnur, upplýsingaöryggisstefna, umhverfis- og loftlagsstefna, samgöngustefna og innkaupastefna. Á árinu 2025 verður lögð áhersla á gerð mannauðsstefnu, fræðslu- og starfsþróunarstefnu og endurskoðun starfs-mannahandbókar.

Dómsmálaráðherra í heimsókn

Dómsmálaráðherra Guðrún Hafsteinsdóttir kom í heimsókn til landskjörstjórnar 12. febrúar. Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri kynnti hlutverk og verkefni landskjörstjórnar, sem áður tilheyrðu dómsmálaráðuneytinu, sem og helstu áskoranir í starfinu. Landskjörstjórn og starfsfólk hennar áttu gott samtal við ráðherra að lokinni kynningunni.



Heimsókn dómsmálaráðherra til landskjörstjórnar. Ebba Schram, Ástríður Jóhannesdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Kristín Edwald, Magnús Karel Hannesson og Arnar Kristinsson.

Heimsóknir til yfirkjörstjórna kjördæma

Starfsfólk landskjörstjórnar lagði land undir fót og heimsótti yfirkjörstjórnir kjördæmanna sex á tímabilinu febrúar til mars. Tilgangurinn með heimsóknunum var einkum að koma á sambandi milli yfirkjörstjórna og landskjörstjórnar með samtali og gagnkvæmri upplýsingagjöf, kynnast yfirkjörstjórnunum og einnig að fá upplýsingar um þarfir yfirkjörstjórna, verkefni þeirra og hlutverk. Þannig er stuðlað að enn betri samskiptum við framkvæmdaaðila kosninga sem eflir traust og samvinnu.

Skipulag og störf yfirkjörstjórnanna eru ólík að mörgu leyti, enda eru aðstæður í kjördæmum ólíkar. Kjördæmin á landsbyggðinni fást við aðrar áskoranir en þær sem eru á höfuðborgarsvæðinu, þar sem vegalengdir geta verið miklar. Sérstaða Reykjavíkurborgar kjördæmanna er nokkur, en um er ræða tvö kjördæmi í einu sveitarfélagi og skrifstofa borgarstjórnar sér að miklu leyti um framkvæmd kosninga í Reykjavík í umboði þeirra.

Heimsóknir til yfirkjörstjórna sveitarfélaga

Landskjörstjórn hefur sett sér það markmið að heimsækja allar yfirkjörstjórnir sveitarfélaga fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2026. Að baki býr sami tilgangur og að heimsóknum til yfirkjörstjórna kjördæma, að kynnast og koma á sambandi með samtali og gagnkvæmri upplýsingagjöf og afla upplýsinga um þarfir yfirkjörstjórna, verkefni þeirra og hlutverk.

Á árinu heimsótti landskjörstjórn yfirkjörstjórnir eftirtaldrar sveitarfélaga:

Akureyrarbæjar

Bolungarvíkurkaupstaðar

Eyjafjarðarsveitar

Grýtubakkahrepps

Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hörgársveitar

Ísafjarðarbæjar

Kópavogsbæjar

Suðurnesjabæjar

Súðavíkahrepps

Sveitarfélagsins Voga



Heimsóknir til yfirkjörstjórna eru afar gagnlegar þar sem landskjörstjórn öðlast mikilvæga innsýn í skipulag og framkvæmd kosninga um allt land. Ljóst er að aðstæður og áskoranir eru ólíkar eftir stærð og íbúafjölda sveitarfélaga og hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli. Það er skýrt ákall eftir leiðbeiningum og ferlum frá landskjörstjórn um framkvæmd kosninga. Landskjörstjórn átti einnig fundi með bæjarstjóra og formanni yfirkjörstjórnar í Grindavík vegna aðstæðna þar í aðdraganda bæði forseta- og alþingiskosninganna. Kjörstaður sveitarfélagsins í kosningunum var að Ásbrú í Reykjanesbæ.

Græn skref

Skrifstofa landskjörstjórnar hefur frá árinu 2022 verið þátttakandi í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Á árinu fékk landskjörstjórn þriðja og fjórða skrefið staðfest en unnið er að innleiðingu fimmta skrefsins.

Stafræn þróun

Nýsmíði meðmælendakerfis í samstarfi við Stafrænt Ísland og Þjóðskrá Íslands var viðamikil verkefni sem unnið var að allt árið. Fyrst fyrir forsetakosningar og síðan alþingiskosningar. Gerð kerfisins hefur sparað framboðum, meðmælendum og landskjörstjórn mikinn tíma við söfnun og yfirferð framboða.

Þá var umsóknarkerfi Ísland.is nýtt við móttöku framboðslista við alþingiskosningarnar og gaf það mjög góða raun.

Landskjörstjórn hefur hug á að vinna áfram að notkun og þróun stafrænna lausna þar sem það er hagkvæmt og getur aukið skilvirkni og öryggi við framkvæmd kosninga.

Endurskoðun reglugerða og reglna um kosningar

Á árunum 2023 og 2024 voru reglugerðir og reglur á grundvelli kosningalaga endurskoðaðar og fyrir forseta- kosningarnar 1. júní 2024 höfðu eftirtaldar reglur og reglugerðir verið settar:

Reglugerð um söfnun meðmæla og skil framboða og framboðslista fyrir kosningar nr. 254/2024.

Reglugerð um aðstoð við atkvæðagreiðslu, nr. 432/2022.

Reglugerð um aðgang að og birtingu upplýsinga úr kjörskrá nr. 441/2024.

Reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum, nr. 442/2024.

Reglugerð um óleyfilegan kosningaáróður, kosninga- spjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.

Reglugerð um framkvæmd atkvæðagreiðslu vegna alvarlegs smitsjúkdóms nr. 445/2024.

Reglugerð um framkvæmd utankjörfundaratkvæða- greiðslu á stofnunum og í heimahúsum nr. 446/2024.

Reglugerð um talningu atkvæða nr. 447/2024.

Reglugerð um skráningu, móttöku og meðferð utan- kjörfundaratkvæða nr. 480/2024.

Reglugerð um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024.

Reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024.

Reglur um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023

Reglur um útlit og notkun sérstaks merkis á sendiumslag sem notað er við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar (strikamerki) nr. 1161/2023

Reglur um tilhögun í kjörfundarstofu við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, við forsetakjör og þjóðar- atkvæðagreiðslur nr. 1160/2023

Vinnuhópur um utankjörfundar- atkvæðagreiðslu

Eftir forsetakosningarnar 1. júní 2024 var stofnaður vinnuhópur skipaður tveimur fulltrúum frá sýslumanns- embættunum og tveimur frá landskjörstjórn til þess að yfirfara framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu og gera tillögur að úrbótum í því samhengi. Vinnuhópurinn lauk sinni vinnu í mars 2025.

Samráðshópur um vernd einstaklinga í aðdraganda kosninga

Í aðdraganda alþingiskosninganna 2021 settu Fjölmiðla- nefnd, FjarSKIPTASTOFA og Persónuvernd í samstarfi við landskjörstjórn og Ríkislögreglustjóra á fót samráðshóp um vernd einstaklinga og hélt hópurinn vinnu sinni áfram á árinu. Meginmarkmið hópsins er að tryggja að stjórnmöld fái viðeigandi upplýsingar um ógnir sem að steðja, sem geri þeim kleift að bregðast við eins fljótt og auðið er, ef þörf krefur. Hugsanlegar ógnir við framkvæmd almennra kosninga sem hér geta komið til álita varða m.a. persónuvernd, upplýsingaóreiðu, netöryggi og þjóðaröryggi.

Í aðdraganda forseta- og alþingiskosninganna voru gefnar út leiðbeiningar sem varða rétt einstaklinga til réttra upplýsinga, friðhelgi og persónuverndar í aðdraganda kosninga.



Frá móttöku framboða til Alþingis í Salnum í Kópavogi





Kjósendur á Akureyri ganga inn á kjörstað.

Undirbúningur og framkvæmd kosninga

Sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar 4. maí

Innviðaráðuneytið staðfesti þann 19. mars sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag. Sveitarstjórnarkosningar í sameinuðu sveitarfélagi fóru fram 4. maí. Undirbúningur landskjörstjórnar fyrir kosningarnar fólst m.a. í því að upplýsa helstu framkvæmdaðila kosninga um fyrirhugaðar kosningar og árétta hlutverk hvers og eins. Landskjörstjórn gaf út leiðbeiningar á þremur tungumálum og lagði til ýmis önnur gögn til að nota við framkvæmd kosninganna.

Landskjörstjórn gaf út skýrslu til ráðherra um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna sem kom út 28. júní.

Forsetakosningar 1. júní

Í upphafi árs tilkynnti þáverandi forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, að hann ætlaði ekki að bjóða sig aftur fram til embættis forseta Íslands og því var ljóst að nýr þjóðhöfðingi yrði kosinn þann 1. júní.

Forsetakosningarnar voru aðrar almennu kosningarnar sem haldnar voru eftir stofnun landskjörstjórnar, og í gildistíð kosningalaga nr. 112/2021, en þar sem framkvæmd sveitarstjórnarkosninga er að miklu leyti í höndum sveitarfélaga má segja að forsetakosningarnar hafi verið fyrstu kosningarnar þar sem yfirumsjón kosninganna var hjá landskjörstjórn.

Landskjörstjórn gaf út skýrslu til ráðherra um undirbúning og framkvæmd forsetakjörs 1. júní 2024 þann 8. október þar sem forsetakosningunum eru gerð góð skil.

Vinnustofa með yfirkjörstjórnunum kjördæma

Að loknum forsetakosningunum stóð landskjörstjórn að vinnustofu með yfirkjörstjórnunum kjördæmanna. Á vinnustofunni kom m.a. fram hversu mikilvægt það er fyrir fulltrúa yfirkjörstjórna að koma saman og hittast á sameiginlegum vettvangi. Þannig stofnast til nýrra kynna og tengsl, skilningur og umræða um sameiginlega hagsmuni verður markvissari. Fram komu fjölmörg tækifæri til umbóta, bæði atriði sem mætti breyta með lítilli fyrirhöfn og stærri verkefni til framtíðar og má þar nefna atriði sem lutu að:

- **hlutverki og skipulagi yfirkjörstjórna,**
- **talningu atkvæða,**
- **utankjörfundaratkvæðagreiðslu,**
- **fræðslu, leiðbeiningum og upplýsingamiðlun,**
- **fyrirkomulagi við dreifingu kjörgagna.**

Afrakstur vinnustofunnar nýttist vel við framkvæmdina í alþingiskosningunum og verður áfram unnið með niðurstöður hennar.

Alþingiskosningar 30. nóvember

Um miðjan október var tilkynnt um þingrof og boðað til kosninga og undirbúningur hófst þá þegar. Undirbúningur og framkvæmd kosninganna gekk afar vel þrátt fyrir knappa tímafresti. Þar sem skammur tími var liðinn frá forsetakosningunum í júní voru kjörstjórar, kjörstjórnir og aðrir framkvæmdaaðilar vel undirbún.

Fjallað er ítarlega um alþingiskosningarnar í [skýrslu landskjörstjórna](#) um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninga 30. nóvember 2024 sem kom út 10. apríl 2025.

Kostnaður við kosningar

Landskjörstjórn leggur áherslu á að fara vel með þá fjármuni sem hún hefur umsjón með við framkvæmd kosninga. Reiknað er með að samanlagður kostnaður við forsetakosningarnar og alþingiskosningarnar fari vel yfir einn milljarð króna og er þá starfsemi landskjörstjórna og annar óbeinn kostnaður ekki meðtalinn.

Þegar boðað var til alþingiskosninga stóð yfir greining á kostnaði við forsetakosningarnar, í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið KPMG, í þeim tilgangi að afla nákvæmari upplýsinga um kostnaðarliði og leggja til leiðir í því skyni að efla kostnaðarvitund og hagkvæmni við framkvæmd kosninga. Vinnunni verður haldið áfram þegar allur kostnaður vegna alþingiskosninganna liggur fyrir.

Vinna við greiningu á raunkostnaði sveitarfélaga við framkvæmd kosninga hófst á árinu í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Á grundvelli reglugerðar

nr. 442/2024 um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum skal landskjörstjórn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja fram tillögur um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga á grundvelli upplýsinga um raunkostnað þeirra vegna kosninga. Stefnt er því að tillögur um fast fjárframlag ríkisins til sveitarfélaga vegna hlutverks þeirra við framkvæmd annarra kosninga en sveitarstjórnarkosninga liggi fyrir vorið 2025.

Alþjóðlegt samstarf

Evrópuþingkosningar í Eistlandi

Tveir starfsmenn landskjörstjórna fylgdust með framkvæmd Evrópuþingkosninganna í Eistlandi sem fóru fram í byrjun júní. Eistland er komið hvað lengst í þróun á stafrænum lausnum í opinberri þjónustu og á rafrænum kosningum en þar fóru fyrstu rafrænu kosningarnar fram árið 2005. Auk kynningar á þróun stafrænnar stjórnsýslu í Eistlandi og fyrirkomulagi á rafrænum kosningum var fjallað um hvernig staðið er að fræðslu- og upplýsingamiðlun til almennings, þjálfun fyrir framkvæmdaaðila í kosningum og hvernig spornað er við upplýsingaóreiðu og erlendum áhrifum í kosningum. Kjörstaðir í Tallinn voru heimsóttir og fylgst var með talningu atkvæða, bæði pappírsatkvæða og rafrænna atkvæða. Ferðin var mjög lærdómsrík og ljóst að Ísland getur lært mikið af Eistlandi þegar kemur að þróun rafrænna lausna við framkvæmd kosninga.



Úr kjörklefa í Eistlandi



Hópurinn sem fylgdist með kosningum í Eistlandi.

Norrænn kosningafundur í Noregi

Dagana 12. og 13. september var haldinn fundur norrænu kosningastofnananna í boði norska sveitarstjórnarráðuneytisins sem fer með kosningamál þar í landi. Auk fulltrúa Norðmanna og tveggja starfsmanna landskjörstjórnar sátu fundinn fulltrúar Danmerkur, Finnlands, Svíþjóðar, Álandseyja, Grænlands og Færeyja. Á fundinum var fjallað um ýmis viðfangsefni, t.d. skipulag kosningamála í hverju landi og helstu viðfangsefni og áskoranir sem staðið er frammi fyrir. Síðast var haldinn norrænn kosningafundur árið 2019 en stefnt er að því að halda slíka fundi með tveggja til þriggja ára millibili. Landskjörstjórn tók að sér að bjóða til næsta fundar á Íslandi árið 2026 eða 2027.

Vinnustofa um fjölþáttaógnir í Helsinki

Evrópska öndvegissetrið um aðgerðir gegn fjölþáttaógnum (*European Centre of Excellence for Countering Hybrid Threats (Hybrid CoE)*) boðaði til vinnustofu í Helsinki í byrjun desember þar sem fjallað var um hvernig sporna megi gegn fjölþáttaógnum við kosningar og hvaða lærdóm megi draga af því sem gert hefur verið í þeim efnum undanfarin ár. Landskjörstjórn og Fjölmiðlanefnd sendu fulltrúa á vinnustofuna. Fulltrúar nokkurra ríkja fóru yfir raunveruleg dæmi um hvernig utanaðkomandi aðilar höfðu reynt að hafa áhrif á kosningar, hvernig hægt væri að byggja upp viðnámsþrótt til framtíðar og hvaða áhættur væru mögulegar í framtíðinni.

Kosningaeftirlit í Bosníu og Hersegóvínu

Starfsmaður landskjörstjórnar og fulltrúi utanríkisráðuneytisins fóru til Bosníu og Hersegóvínu í kosningaeftirlit á vegum Mannréttinda- og lýðræðis-stofnunar ÖSE (*ODIHR*) í byrjun október.

Kosningaeftirlit gefur góða innsýn inn í framkvæmd kosninga í öðrum löndum, ekki aðeins varðandi framkvæmdina á kjördag heldur einnig regluverkið. Mikil ánægja með þetta samstarf landskjörstjórnar við utanríkisráðuneytið.

Ársskýrslan er unnin og gefin út í samræmi við 4. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Útgefandi:

Landskjörstjórn.

Hönnun og umbrot:

Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

Ljósmyndir: Axel Þórhallsson, landskjörstjórn, Ljósmyndir Rutar og Silju, Sunna Ben.

ISBN 978-9935-9666-9-8



Landskjörstjórn